



Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Haldinn í fjarfundi
3. júlí 2026

1. Setning fundar

Anton Kári Halldórsson, formaður SASS, setti fundinn kl. 10:00.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að halda sjálfur um fundarstjórn og Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS verði fundarritari.

Var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Fundarstjóri leggur fram svohljóðandi tillögu að kjörbréfanefnd:

Kjörbréfanefnd

Walter Fannar Kristjánsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Ingimar Guðmundsson

Sveitarfélag

Flóahreppi
Hrunamannahreppi
Hveragerðisbæ

Lagt er til að formaður kjörbréfanefndar verði Walter Fannar Kristjánsson

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Walter Fannar, formaður kjörbréfanefndar, kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 8 kjörnir fulltrúar mættir til fundar. Gild kjörbréf eru fyrir 8 aðalfulltrúa.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

5. Skipun í stjórn SOS

Fundarstjóri tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu að nýrri stjórn SOS sem jafnframt eru fulltrúar í stjórn SASS og munu fundarefni SOS verða til umfjöllunar á stjórnarfundum SASS.

Aðalmenn:

Anton Kári Halldórsson
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Sveinn Ægir Birgisson

Sveitarfélag:

Rangárþingi Eystra
Sveitarfélagið Ölfus
Sveitarfélagið Árborg

Varamenn:

Haraldur Jónsson
María Rún Þorsteinsdóttir
Matthías Bjarnason

Sveitarfélag:

Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Árborg

Lagt er til að **Sveinn Ægir Birgisson** verði formaður og **Anton Kári Halldórsson** verði varaformaður.

Tillaga að stjórn og upphafi starfstíma hennar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að formanni og varaformanni er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og sitt framlag til starfsemi SOS.

6. Önnur mál

Fyrir liggur erindi frá Hjálta Guðmundssyni, áframsent frá sveitastjórn Flóahrepps, til auka aðalfundar SOS, þar sem lögð er fram tillaga um að 31,83% eignarhlutur sveitarfélaga í Orkugerðinni ehf, í gegnum Sorpstöð Suðurlands b.s verði seldur hæstbjóðanda.

Fundurinn samþykkir stjórn SOS taki saman minnisblað um uppruna og framvindu Orkugerðarinnar til þess að hægt sé að leggja mat á stöðuna. Í framhaldi verði erindið tekið fyrir á fundi stjórnar SASS undir málefnum SOS strax í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Fundurinn felur fundarritara að ganga frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Ingunn Jónsdóttir, fundarritari.